



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi

sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019

fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

Umboðsmaður Alþingis  
Þórshamri  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík

28. maí 2024  
2209165

Fangelsismálastofnun vísar til skýrslu umboðsmanns Alþingis, dags. 4. desember 2023 vegna heimsóknar hans í Fangelsið Litla-Hrauni í nóvember 2022. Í skýrslunni var þess óskað að fangelsisýfirvöld upplýstu umboðsmann um viðbrögð við henni eigi síðar en 1. júní 2024. Var þess óskað að upplýst yrði um hvort atriðin sem bent var á myndu leiða til einhverra aðgerða eða athafna af hálfu fangelsisýfirvalda og þá hverra, sem og um aðrar aðgerðir sem talin væri ástæða til að ráðast í af þessu tilefni.

1. Þeim tilmælum var beint til LH að endurmeta reglulega, a.m.k. daglega hvort áframhaldandi vistun í öryggisklefa væri nauðsynleg og sjá til þess að sú framkvæmd væri skráð með fullnægjandi hætti. Ávallt ætti að kalla til lækni við upphaf vistunar fanga í öryggisklefa og einnig að leitast við að fá lækni til að meta andlegt og líkamlegt ástand fanga meðan á vistun stæði, einkum í þeim tilvikum þegar fangi glímir við andleg veikindi.

*Þú er að yfirfara verklag vegna vistunar í öryggisklefa í samráði við fangelsin og starfsmenn meðferðarsviðs FMS. Samkvæmt því á nú að meta í upphafi og lok hverrar vaktar hvort vistun í öryggisklefa sé áfram nauðsynleg. Þá verður sú framkvæmd skráð á þar til gert eyðublað hverju sinni. Starfsmenn fangelsa kalla ávallt til lækni við upphaf vistunar fanga í öryggisklefa og skrá slíkt niður en læknar komast ekki alltaf í fangelsin til að skoða þá við upphaf vistunarinnar. Þeir eru hins vegar ávallt upplýstir um þá sem eru í öryggisklefa hverju sinni þannig að þeir geta sinnt þeim þegar þeir eru í fangelsunum.*

2. Þeim tilmælum var beint til LH að taka verklag við leit í klefa til endurskoðunar þannig að það samræmdist 69. gr. fullnustulaga. Yrði þar sérstaklega haft í huga að forstöðumaður tæki ákvörðun um leit í klefa, bókaði um hana og rökstyddi, ákvörðun um takmörkun á viðveru fanga meðan á leit stendur væri tekin af forstöðumanni og bókunin bæri það með sér og að fanga væri að meginreglu kynnt ástæða leitar í klefa hans.

*Fangar eru upplýstir um ástæðu leitar og þeim að jafnaði gefinn kostur á að vera viðstaddir hana. Að öðru leyti er verið að vinna í að koma á rafrænum undirskriftum þannig að unnt verði að uppfylla öll þau skilyrði sem kveðið er á*

*um í 69. gr. fullnustulaga en ekki er ljóst á þessu stigi hvenær þeirri vinnu lýkur.*

3. Þeim tilmælum var beint til LH að gæta þess að framkvæmd við líkamsleit gerði ráð fyrir svigrúmi til einstaklingsbundins mats á því hvort beita mætti vægari úrræðum við leitina. Ef unnt væri ætti að haga líkamsleit með þeim hætti að hún færi fram í áföngum þannig að leitarþoli væri ekki berháttaður meðan á leit stæði.

*Verið er að útbúa nýtt verklag um líkamsleitir á föngum og þvagsýnatöku með framangreind sjónarmið í huga og verður það sent umboðsmanni um leið og það liggur fyrir.*

4. Þeirri ábendingu var beint til LH að þess væri gætt að nauðsyn til kerfisbundinna líkamsleita í fangelsinu væri reglulega endurskoðuð.

*Sama svar og í spurningu nr. 3.*

5. Þeim tilmælum var beint til LH að endurskoða verklag við þvagsýnatöku þannig að gert væri ráð fyrir því að fram færi einstaklingsbundið mat á nauðsyn þess að fangi berháttaði sig og tryggja að ákvörðun um líkamsrannsókn færi fram í samræmi við kröfur 71. gr. fullnustulaga þannig að ákvörðun væri tekin með rökstuddri bókun forstöðumanns og að gætt væri að skráningu tilefnis rannsóknarinnar.

*Sama svar og að ofan.*

6. Þeim tilmælum var beint til LH að tryggja að fangar væru upplýstir um að þeim stæði til boða að nýta tiltekin herbergi á deildunum til að eiga samskipti símleiðis án þess að aðrir heyrðu til, s.s. við lögmenn, fulltrúa trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga sem þeir tilheyrðu, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis og einnig til að sinna viðkvæmum persónulegum erindum, s.s. bankaviðskiptum.

*Fangelsisýfirvöld upplýsa fanga um öll réttindi þeirra og skyldur og reyna eftir fremsta megni að upplýsa þá um allt annað sem þeim stendur til boða í fangelsunum. Framangreind ábending er tekin til greina og reynt verður að sjá til þess að fangar séu upplýstir um þetta.*

7. Þeim tilmælum var beint til LH að tryggja fullnægjandi loftgæði, t.d. með því að huga að viðhaldi á loftræstikerfi og haga umgjörð glugga þannig að unnt væri að koma á fullnægjandi loftflæði inni á klefum og á deildum.

*Unnið er að verulegum umbótum á Litla-Hrauni og standa vonir til að með þeim muni aðstaða fanga batna til muna, þ.m.t. loftgæði í fangelsinu. Þeim framkvæmdum mun ljúka á þessu ári.*

8. Þeirri ábendingu var beint til LH að taka til skoðunar hvort unnt væri að vista fanga sem það vildu á reyklausem gangi.

*Miðað við núverandi stöðu í fangelsinu er óraunhæft að unnt sé að bjóða mönnum að vera á reyklausem gangi. Þessi ábending verður þó höfð til hliðsjónar við byggingu nýs fangelsis sem vonir standa til að hægt verði að taka í notkun innan nokkurra ára.*

9. Þeirri ábendingu var beint til LH að leggja mat á hvort nægjanlegt eftirlit væri haft með því að þrif væru fullnægjandi, að leita leiða til að fangar gætu notað salerni, einnig að nóttu til án þess að þurfa að búa og sofa við slæma lykt.

*Fangar sjá um þrif á deildum sínum en ávallt er reynt að velja menn sem eru vel til þess verks fallnir. Misjafnt er hins vegar hversu vel það gengur en fangaverðir reyna að sjá til þess að þrifin séu viðunandi. Fangaverðir fara yfir þrif á deildum alla mánudaga og gera um þær skýrslur og koma athugasemdum á framfæri við fanga ef þurfa þykir. Miðað við núverandi aðstöðu í fangelsinu er erfitt að bregðast við ábendingu um að fangar eigi að geta notað salerni, einnig að nóttu til án þess að þurfa að búa og sofa við slæma lykt en horft verður til þessa við byggingu nýs fangelsis.*

10. Þeim tilmælum var beint til LH að útvega ávallt túlkapjónustu við innkomu fanga sem hvorki skildu íslensku né ensku svo unnt væri að tryggja að upplýsingarnar kæmust til skila. Einnig þegar komið væri á framfæri upplýsingum sem ljóst væri að hefðu mikla þýðingu fyrir þá. Tryggja bæri að erlendir fangar fengju upplýsingar á tungumáli sem þeir skildu um að þeir gætu óskað eftir því að fá viðbótartíma á Skype.

*Fangelsin kalla til túlk þegar föngum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum sé þess þörf. Þá hafa fangelsisvörðöld útbúið innkomubæklinga með öllum helstu upplýsingum um réttindin og skyldur fanga á algengustu tungumálum, þ.e. ensku, spænsku og pólsku.*

11. Þeim tilmælum var beint til LH að tryggja að föngum bærust upplýsingar svo að þeim væri unnt að öðlast skilning á réttindum sínum og skyldum, s.s. með því að leggja aukna áherslu á að fylgja afhendingu innkomubæklinga eftir með greinargóðri munnlegri upplýsingagjöf á hátt sem viðkomandi fangi skildi, eftir atvikum með aðstoð túlkapjónustu, við innkomu eða eftir atvikum í framhaldi af henni.

*Á Litla-Hrauni fá fangar afhentar þær reglur sem gilda í fangelsinu og fer fangavörður yfir þær með honum, með aðstoð túlks ef þörf krefur. Búið er að fara yfir málið með fangelsunum og hafa þau bætt verklag sitt að þessu leyti. Til stendur að fela ákveðnum starfsmönnum að afhenda og fara yfir innkomubækling og aðrar upplýsingar þegar fangar mæta í fangelsið. Verða tilteknir starfsmenn þannig þjálfaðir sérstaklega til að framkvæmdin verði sambærileg og fullnægjandi.*

12. Þeim tilmælum var beint til LH að hafa verklagið við skráningu og afgreiðslu erinda frá föngum þannig að það uppfyllti kröfur skráðra og óskráðra reglna stjórnarsýsluréttar um skráningu, skyldu til að svara skriflegum erindum og rétt aðila til að nálgast upplýsingar um stöðu mála sinna. Væru hér hafðir í huga bæði möguleikar fanga til að gæta réttar síns og möguleikar eftirlitsaðila til að leggja mat á meðferð og úrlausn mála.

*Þessi ábending er tekin til greina. Verið er að færa vinnslukerfi fangelsanna (Lotus Notes) yfir í almennt skjalavistunarkerfi FMS (Onesystems) en með því eru bundnar vonir við að auðveldara verði að halda utan um skráningu erinda o.fl.*

13. Þeim tilmælum var beint til LH að tryggja að skráning í tengslum við kæránlegar ákvarðanir væri fullnægjandi, að fangar væru almennt upplýstir um kæruleiðir, að föngum væru kynntar kæruehimildir og frestir vegna klefaleita, líkamsleita og líkamsrannsóknna, þ.m.t. þvagsýnatöku.

*Þessi ábending er tekin til greina. Eins og að framan greinir er verið að færa vinnslukerfi fangelsanna yfir í annað form en þá verður auðveldara að halda utan um allar skráningar, hafa samræmt form ákvarðana o.fl.*

14. Þeirri ábendingu var bent til LH að fylgja eftir áformum um að útbúa fyrir fram merkt umslög eða tryggja með öðrum hætti að fanga væri ljóst að nauðsynlegt væri að hann ritaði sjálfur á bréf hverjum það ætti að berast.

*Þessari ábendingu verður komið á framfæri við fangelsin.*

15. Þeim tilmælum var beint til LH að leita leiða til að koma í veg fyrir að fangar eða almennir starfsmenn væru látnir sinna störfum heilbrigðisfólks, s.s. lyfjagjöfum. Þegar mönnun heilbrigðisstarfsfólks væri ekki fullnægjandi þyrfti að gæta þess að starfsfólk sem ætlað væri að sinna lyfjagjöfum fengi viðeigandi fræðslu og þjálfun. Gæta þyrfti þess að í þeim tilvikum þegar frávik yrðu í lyfjagjöf væri viðkomandi fanga tilkynnt um mistökin og hann fengi viðeigandi upplýsingar um áhrif þeirra lyfja sem honum voru gefin.

*Erfitt er fyrir fangelsisýfirvöld að bæta úr þessu þar sem skortur á heilbrigðisstarfsmönnum í fangelsunum er ekki á forræði fangelsisýfirvalda. Hins vegar hafa fangelsisýfirvöld margoft bent á að það samræmist með engu móti starfsskyldum fangavarða að sinna almennri lyfjagjöf til fanga og að bæta þurfi úr því. Samkvæmt verklagi á LH hafa starfsmenn strax samband við vakthafandi lækni á HSU ef fangar fá röng lyf og leiðbeiningar fengnar um næstu skref óháð því hvort starfsmenn fangelsisins telji sig þekkja verkun lyfjanna og/eða telja inntöku þeirra meinlausu. Föngum er síðan tilkynnt um mistökin og fá þeir allar þær upplýsingar sem læknar veita starfsmönnum þegar mistökin eru tilkynnt.*

16. Þeim tilmælum var beint til FMS að birta upplýsingar um fæðisfé fanga og forsendur sem þar byggju að baki eða gera þær aðgengilegar með öðrum formlegum hætti.

*Úr þessu hefur verið bætt og eru upplýsingar um fæðisfé fanga nú birtar á heimasíðu Fangelsismálastofnunar.*

17. Þeirri ábendingu var beint til FMS að endurmeta með reglubundnum hætti forsendur upphæðar fæðisfjár og meta hvort rétt væri að styðjast við aðra þætti en neysluviðmið, t.a.m. með því að taka tillit til þróunar verðlags neysluvara.

*Fangelsismálastofnun telur núverandi fyrirkomulag hentugra fyrir fanga þar sem ljóst er að fæðisfé er hærra ef miðað er við neysluvitölu þar sem húsnæðisliður er inni í þeim útreikningi.*

18. Ítrekuð voru fyrri fyrirsmáli til FMS um að hverfa frá því að beita eingöngu almennum viðmiðum við ákvörðun um gerð meðferðaráætlunar og leggja þess í stað einnig mat á nauðsyn hennar á grundvelli einstaklingsbundinna þátta í samræmi við fyrirsmáli 24. gr. fullnustulaga.

*Á meðan meðferðarsvið Fangelsismálastofnunar er undirmannað með þeim hætti sem nú er mun ekki vera unnt að endurskoða núverandi fyrirkomulag við gerð meðferðaráætlunar fyrir fanga, þ.e. að forgangsraða þeim sem mest þurfa á slíkri áætlun að halda. Hins vegar er áréttað að aðrir fangar fá engu að síður aðstoð frá starfsmönnum meðferðarsviðs, s.s. sálfræðingum og félagssráðgjöfum þrátt fyrir að ekki sé gerð sérstök meðferðaráætlun fyrir þá.*

19. Þeim tilmælum var beint til FMS að fylgja eftir áformum um að þýða helstu upplýsingar og skjöl yfir á þau tungumál sem algengast væri að reyndi á innanfangahópsins.

*Búið er að útbúa nýjan innkomubækling og hefur hann verið þýddur á helstu tungumál sem á reynir innanfangahópsins, þ.e. ensku, spænsku og pólsku.*

20. Þeim tilmælum var beint til LH að halda áfram að leita leiða til að tryggja föngum sem afplána dóma vegna kynferðisbrots aðgengi að útivist til jafns við aðra fanga í öruggu umhverfi, með aukinni viðveru fangavarða eða á sérstöku útisvæði þar sem þeir gætu verið óhultir fyrir áreiti annarra fanga.

*Með tilkomu nýs fangelsis í stað LH verður unnt að bjóða upp á meiri aðskilnað fanga en nú þannig að menn geti farið í útivist án þess að þurfa að hitta alla eins og nú er á LH. Á meðan beðið er eftir nýju fangelsi hafa fangelsisvirkir flutt nokkra menn sem voru vistaðir á LH og afplána dóma fyrir kynferðisbrot á Hólmsheiði svo að þeir þurfi ekki að umgangast samfanga sem hafa áreitt þá vegna dóms þeirra.*

21. Þeim tilmælum var beint til LH og FMS að skýra það verklag sem viðhaft væri við geymslu, notkun og skráningu valdbeitingartækja og vopna.

*Ráðuneytið vinnur nú að gerð reglugerðar um valdbeitingartæki en í kjölfarið munu fangelsisvirkir útbúa sértakt verklag um notkun slíks búnaðar.*

22. Þeim tilmælum var beint til FMS og LH að tryggja viðunandi opnunartíma Barnakots eða sambærilegrar aðstöðu fyrir fjölskyldur þannig að tekið væri tillit til starfsemi leik- og grunnskóla eftir því sem kostur væri.

*Búið er að breyta fyrirkomulagi Barnakots, þ.e. opnunartími tekur nú m.a. mið af leik- og grunnskólabörnum. Þá hefur aðbúnaður Barnakots verið stórbættur með tilkomu tveggja nýrra íbúðaeininga sem nýtast fleiri fjölskyldum í einu.*

23. Þeirri ábendingu var beint til FMS og LH að tryggja að umgjörð heimsóknaraðstöðu sem börn kæmu í væri þannig að þeim væri sýnd nærgætni. Liður í því væri vistlegt umhverfi.

*Sjá svar hér að framan.*

24. Þeim tilmælum var beint til FMS og LH að greina eðli og efni þeirra ákvarðana sem teknar væru í tengslum við vistun gæsluvarðhaldsfanga með það í huga að skilgreina hvenær staða þeirra kynni að vera önnur en afplánunarfanga. Í þessu sambandi þyrfti sérstaklega að hafa í huga að blöndum gæslu- og afplánunarfanga fæli ekki sjálfkrafa í sér skerðingu á réttindum sem gæsluvarðhaldsfangar ættu að öðru óbreyttu að njóta, s.s. aðgengi að fjarskiptatækjum.

*Í d-lið 99. gr. laga um meðferð sakamála segir að gæslufangar megi nota síma eða önnur fjarskiptatæki og senda og taka við bréfum og öðrum skjölum en þó geti sá sem stýrir rannsókn bannað notkun síma eða annarra fjarskiptatækja og látið athuga efni bréfa eða annarra skjala. Samkvæmt 5. mgr. 56. gr. fullnustulaga mega gæsluvarðhaldsfangar nota síma eða önnur fjarskiptatæki en þó er slík notkun óheimil í klefa hans. Sá sem stýrir rannsókn getur þó bannað eða takmarkað notkunina. Gæsluvarðhaldsfangi má nota önnur fjarskiptatæki utan klefa í tengslum við nám og vinnu. Forstöðumaður fangelsis getur takmarkað eða bannað að gæsluvarðhaldsfangi noti önnur fjarskiptatæki ef hætta þykir á að það raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Sé gæsluvarðhaldsfangi vistaður innan um aðra afplánunarfanga gilda ákvæði 1. og 2. mgr. um notkun á síma og öðrum fjarskiptatækjum. Af þessu leiðir að ef gæsluvarðhaldsfangi er í s.k. lausagæslu, þ.e. í gæsluvarðhaldi án takmarkana gilda sömu reglur um notkun hans á fjarskiptatækjum og annarra afplánunarfanga.*

25. Þeim tilmælum var beint til FMS og LH að útbúa verklag sem næði til meðferðar allra kvartana og tæki mið af eftirfarandi atriðum:

- föngum væri leiðbeint um kvörtunarleiðir við komu í fangelsi og stæði til boða upplýsingaefni og leiðbeiningar starfsmanna um þær meðan á vistun stæði
- aðgengi að kvörtunareyðublöðum væri tryggt

- kvartanir væru lagðar í réttan farveg, þær afgreiddar, viðkomandi tilkynnt um úrlausn kvörtunar og kynntar viðeigandi kæruleiðir, ef við ætti
- tryggt væri að fangar ættu þess kost að beina kvörtunum til forstöðumanns fangelsis, stjórnvalda eða annarra eftirlitsaðila í trúnaði og án hættu á að einhver kæmist að efni þeirra, s.s. með því að tryggja þeim aðstöðu þar sem næði væri til að útbúa kvörtun og koma fyrir í innsigliðum kassa
- föngum væri gert ljóst að það kæmi ekki niður á vistun þeirra á nokkurn hátt að leggja fram kvartanir
- tryggt væri að bréfaskipti milli fanga og lögmanna, opinberra stofnana, presta eða annarra sambærilegra fulltrúa skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga sem fangi tilheyrir og umboðsmanns Alþingis væru ekki skoðuð.

*Við komu í fangelsi fá fangar afhentan innkomubækling með upplýsingum um réttindi þeirra og skyldur auk þess sem þeir hafa aðgang að frekari upplýsingum, s.s. lögum og reglugerð um fullnustu refsinga, ýmsum verklagsreglum um fullnustu refsinga o.fl. Í innkomubæklingnum er sérstaklega tekið fram að fangar geti kært ákvarðanir fangelsisyrivalda til dómsmálaráðuneytisins, sent kvartanir til umboðsmanns Alþingis o.fl. og að fangaverðir geti hjálpað til við að koma athugasemdum áleiðis. Þá er föngum leiðbeint um kæruleiðir í öllum skriflegum ákvörðunum sem fangelsisyrivöld taka, þ.e. stjórnvaldsákvörðunum. Búið er að yfirfara verklag vegna kvartana yfir fangavörðum og öðrum starfsmönnum fangelsa og tryggja að fangar geti komið kvörtunum að án þess að aðrir geti lesið efni þeirra. Þá er sérstaklega tekið fram á kvörtunareyðublaði að það komi ekki niður á vistun þeirra á nokkurn hátt að leggja fram kvartanir. Bréfaskipti milli fanga og lögmanna, opinberra stofnana, presta eða annarra sambærilegra fulltrúa, sem og umboðsmanns Alþingis eru ekki lesin.*

26. Þeim tilmælum var beint til FMS og LH að viðhalda með reglubundnum hætti þjálfun starfsfólks í valdbeitingum og líkamlegum tókum. Jafnframt þyrfti að tryggja að starfsfólk fengi reglulega þjálfun í skyndihjálpi, endurskoða fyrirkomulag þjálfunarvaktanna þannig að þær nýttust til þjálfunar og næðu þannig tilgangi sínum og bæta markvisst þjálfun starfsfólks í virku öryggi.

*Bodið er upp á reglulega þjálfun starfsmanna í valdbeitingu og skyndihjálpi. Í haust er stefnt að því að koma á sérstökum öryggissveitum í báðum lokuðu fangelsunum sem munu fá aukna þjálfun í valdbeitingu. Verður þeim síðan ætlað að miðla þekkingu til annarra starfsmanna, m.a. með það að markmiði að allir viðhafir sömu vinnubrögð í störfum sínum.*

27. Þeim tilmælum var beint til FMS og LH að:

- tryggja að fangar hefðu greitt aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna óvæntra verkja eða veikinda sem krefðust meðhöndlunar
- að leita leiða til að koma í veg fyrir að fangar yrðu af þjónustu sérfræðilækna vegna atvika sem þeim væru óviðkomandi, s.s. vegna anna starfsfólks eða ónógrar mönnunar
- að tryggja að læknisskoðun færi fram við þær aðstæður sem lög áskildu, s.s. við upphaf afplánunar og þegar beitt væri einangrun eða vistun í öryggisklefa og eftir atvikum þegar tekin væri ákvörðun um vistun á öryggiseild.

*Fangelsisýfirvöld reyna eftir fremsta megni að tryggja alla heilbrigðisþjónustu en bent er á heilbrigðisráðuneytið þar sem heilbrigðisstarfsmenn fangelsanna heyra undir það. Fátítt er að fangar komist ekki til læknis o.þ.h. vegna anna starfsfólks en ónóg mönnun í fangelsunum getur hins vegar haft þau áhrif og er það bagalegt. Ef ekki er unnt að koma fanga til læknis er nýr tími ávallt bókaður, yfirleitt í samráði við heilbrigðisstarfsmann á staðnum.*

28. Ítrekuð voru þau tilmæli til FMS og LH að tryggja að allir fangar hefðu aðgengi að nauðsynlegri tannlæknaþjónustu, óháð fjárhag.

*Fangelsismálayfirvöld neita föngum ekki um tannlæknaþjónustu vegna fjárhags. Fangelsin hafa jafnvel lagt út fyrir kostnað fyrir þá fanga sem þurfa á tannlæknaþjónustu að halda en hafa ekki getað greitt fyrir hana. Ef fangar þurfa að fara til tannlæknis sjá fangelsin um að koma þeim þangað en það er undir tannlæknum komið hvort þeir veiti þjónustu eða ekki og einnig hvenær hægt er að komast að hjá þeim.*

29. Þeim tilmælum var beint til DMR, FMS og LH að huga þegar í stað að lágmarksviðhaldi á húsnæði LH og fylgja áformum um endurbætur eftir til að tryggja heilnæman og mannsæmandi aðbúnað fanga þar til nýtt fangelsi yrði tekið í notkun.

*Unnið er að verulegum endurbótum á LH svo að unnt sé að nýta það fangelsi þar til nýtt fangelsi rís. Þeim framkvæmdum mun ljúka á þessu ári.*

30. Þeim tilmælum var beint til LH, FMS og DMR að ráðast án tafar í nauðsynlegar endurbætur og viðhald á öryggiseild, s.s. á útisvæði og í sameiginlegum rýmum.

*Sama svar og hér að framan um yfirstandandi endurbætur á LH.*

